

Mál nr. 49/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis A****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. febrúar 2024

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið í ökutæki sem ökutækinu A hafi verið ekið aftan á 4. nóvember 2021. M hafi strax fundið fyrir einkennum og leitað á heilsugæslu í kjölfarið. Hún hafi aftur leitað til heilsugæslu 18. nóvember 2021 vegna verkjaástandsins og fengið þá beiðni um sjúkraþjálfun og vottorð um óvinnufærni. Hún hafi verið í sjúkraþjálfun frá slysinu. Fram kemur að hún hafi verið í 60% starfi vegna afleiðinga vinnuslyss sem hún lenti í 17. mars 2020. Vísað er til PC-crash skýrslu sem félagið hafi aflað einhliða og hafi lítið eða nokkurt sönnunargildi og ekkert þegar komi að því álitaefni hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn en að engin gögn bendi til þess að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Í bréfi V til M er bótaskyldu hafnað og vísað til hraða- og höggútreiknings og telur V að gögnin bendi til þess að M hafi ekki hlotið varanlegt heilsutjón af atvikinu. Þess var óskað að úrskurðarnefndin biði með að kveða upp úrskurð þar til matsgerð lægi fyrir. Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið geri ekki athugasemdir við málskot M fyrir nefndinni.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 4. nóvember 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Það verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að lítið sé til annarra gagna en óumdeilt er skýrslan lýsir litlum þyngdarkrafti árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. M aflaði matsgerðar sem er mjög ítarleg og lýsir vel ástandi M og kom V sínum athugasemdum á framfæri við matsmenn.

Í matsgerðinni kemur meðal annars fram að matsmennirnir telji að við umferðarslysið hafi M versnað í hálsi og mjóbaki þótt aftanákeyrslan teljist ekki harður árekstur. Þeir benda á að M hafi verið viðkvæm fyrir þegar hún lenti í umferðarslysinu því til viðbótar við vinnuslyss sem hún hafði lent í hafði hún verið metin til 12 stiga varanlegs miska og 12% varanlegrar örorku vegna tognunar á háls- og baksvæði svo og á herðum í kjölfar tveggja umferðarslysa sem hún lenti í í desember 2008 og í maí 2009. Fram kemur að matsmennirnir telja að M búi við viðbótar stoðkerfiseinkenni sem metin hafi verið til varanlegs miska. Matsmennirnir telja, þegar horft er til eðli áverka, fyrirliggjandi gagna málsins, víðtals við M á matsfundi og líkamsskoðunar, að hún búi við einhverja viðbótarskerðingu á álagsgetu og úthaldsþoli til starfa sinna sem geta verið líkamlega krefjandi þar sem hún sé sjúkraþjálfari. Matsmenn telja því varanlega örorku M vegna þessa slyss hæfilega metna 5% að teknu tilliti til lögbundinnar tjónstakmörkunarskyldu hennar skv. 2. mgr. 5. gr. skbl. Þá telja þeir að varanlegur miski vegna umferðarslyssins sé 5 stig og að varanleg lækisfræðileg örorka sé 5%. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni í árekstrinum. M telst því hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 20. mars 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson